

**Ed.**

**36. Frumvarp til laga**

um viðauka við og breyting á lögum nr. 44 3. nóv. 1915, um sparisjóði.

Flm.: Bernh. Stefánsson, Einar Árnason.

1. gr.

Í stað 1. mgr. 6. gr. laganna komi:

Í stjórn hvers sparisjóðs mega eigi vera færri en 3 menn, og skal einn þeirra vera formaður. Hafi sparisjóður 200000 króna sparisjóðsinnstæðufé eða reki

almenna hlaupareiknings- og innheimtustarfsemi, skal stjórnin skipuð 5 mönnum. Sé sjóðurinn eign sýslu- eða bæjarfélags, skal stjórnin kosin af hlutaðeigandi sýslunefnd eða bæjarstjórn með hlutfallskosningu, og stjórnin velja sér formann.

Stjórn sparisjóða, sem eigi eru eign sýslu- eða bæjarfélaga, hreppsfélaga eða félaga einstakra manna, skal kosin af hlutaðeigandi sýslunefnd eða bæjarstjórn með hlutfallskosningu, að formanni undanteknum, en hann skal skipaður af fjármálaráðherra.

Stjórn sparisjóðs ræður starfsmenn hans og hefir umsjón með öllum framkvæmdum sjóðsins.

## 2. gr.

Aftan við 7. gr. laganna bætist:

Ekki mega þeir heldur reka lánastarfsemi, lánsverzlun né aðra atvinnu, sem komið geti í hága við hagsmunum sjóðsins.

## 3. gr.

Í stað orðanna „Heimilt er . . . með höndum“, síðast í 9. gr. laganna, komi: Hafi sparisjóður ekki 200000 króna innstæðufé né reki almenna hlaupareiknings- eða innheimtustarfsemi, er heimilt, að stjórnendur sjóðsins hafi þessi störf með höndum.

## 4. gr.

Á eftir orðinu „endurskoðunarmenn“ í upphafi 19. gr. laganna, komi: kosnir á sama hátt og af sömu aðiljum og stjórnendur sjóðsins.

## 5. gr.

Nú er stjórn og endurskoðendur sparisjóðs ekki skipuð í samræmi við ákvæði þessara laga, og ber þá að kjósa lögmeða stjórn innan þriggja mánaða frá því að löggin öðlast gildi. Fjármálaráðherra getur þó veitt lengri frest, ef sérstaklega stendur á.

## 6. gr.

Fjármálaráðuneytið annast eftirlit með öllum sparisjóðum í landinu. Skal það hafa nákvæma aðsjón með því, að starfsemi og rekstur sparisjóðanna og stjórn þeirra sé í samræmi við gildandi lög og reglugerðir og önnur fyrirmæli, sem fylgja þer. Skal það annast um, að tafarlaust sé kippt í lag öllu því, sem ábótavant kann að vera, og getur það stöðvað rekstur sparisjóðs, ef ástæða þykir til, meðan ekki er bætt úr ágöllumum. Ráðuneytið á heimtingu á því að fá aðgang að öllum skjölum og skilríkjum sparisjóðanna vegna eftirlitsins.

## 7. gr.

Kostnað þann, sem fjármálaráðuneytið kann að hafa vegna eftirlitsins, skal greiða úr rikissjóði, en sparisjóðir skulu endurgreiða rikissjóði kostnaðinn í hlutfalli við það fjármagn, sem þeir hafa í veltu um hver áramót.

8. gr.

Með lögum þessum eru numin úr gildi lög nr. 48 20. júní 1923, um eftirlitmann með bönkum og sparisjóðum.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Mikið af sparifé landsmanna er ávaxtað í sparisjóðum, og skiptir það því almenning miklu, að sem tryggilegast sé um búið hvað snertir stjórn þeirra, skipulag og eftirlit með þeim. Eru lög nr. 44 3. nóv. 1915, um sparisjóði, nokkuð ónákvæm að því er snertir sum atriði, sem máli skipta í þessu efni, og er með þessu frv. gerð tilraun til að bæta úr því.

Til eru sparisjóðir, sem svifa að því leyti í lausu lofti, að enginn sérstakur aðili er eigandi þeirra, heldur hafa þeir í fyrstu verið stofnaðir með ábyrgð einstakra manna, sem ef til vill eru dánir, og stjórn þeirra þarf ekki að standa neinum reikningsskap ráðsmennsku sinnar. Sjóðir þessir, sem eru sjálfseignarstofnanir, eru stofnaðir og starfræktir í almenningsþágu, og virðist því eðlilegast, að hið opinbera ráði stjórn þeirra. Hér er lagt til, að hlutaðeigandi bæjarstjórn eða sýslunefnd og ríkisstjórnin skipi í sameiningu stjórn slíkra sjóða.

Ef sparisjóður er eign bæjar- eða sýslufélags eða félags einstakra manna, þá er auðvitað sjálfsagt, að eigandi skipi alla stjórn sjóðsins, en rétt þykir að viðhafa hlutfallskosningu í stjórnina, ef um bæjar- eða sýslufélag er að ræða. Sú kosningaaðferð er nú almennt viðurkennd, a. m. k. í bæjarstjórnunum.

Hér er lagt til, að stjórnir hinna stærri sparisjóða séu skipaðar 5 mönnum, og virðist það öruggara, og emfremur að stjórnendur þeirra hafi ekki gjaldkera og bókarastörfin með höndum, því að þá er síður um fullnægjandi eftirlit að ræða með þeim störfum.

Sjálfsagt virðist að áskilja, að stjórnendur og starfsmenn sparisjóða reki enga þá atvinnu, sem komi í bága við hagsmuni sjóðsins.

Gefa verður sparisjóðum þeim, sem nú starfa, nokkurn frest til að breyta fyrirkomulagi sínu eftir frv. þessu, ef það verður að lögum.

Eftirlit það með bönkum og sparisjóðum, sem ákveðið er í lögum nr. 48 20. júní 1923, er ekki framkvæmt. Hafa og bankarnir ekki talið sig hafa haft gagn af því, enda er nú að ýmsu leyti hetur og tryggar búið um stjórn þeirra heklur en gert var þegar lög þessi voru sett. Hinsvegar orkar það ekki tvímælis, að nauðsynlegt er að hafa eftirlit með sparisjóðum, og er hér lagt til að fela fjármálaráðuneytinu það eftirlit. Virðist það hentugra og mundi reynast ódýrara heldur en að fela það sérstökum manni. Kostnað þann, sem leiðir af þessu eftirliti, þykir rétt, að sparisjóðirnir greiði. Verði þetta fyrirkomulag tekið upp, hafa lögin frá 1923 um eftirlit með bönkum og sparisjóðum ekki þýðingu lengur, og er því lagt til að fella þau úr gildi.

Að lokum skal þess getið, að frv. þetta er flutt í samráði við fjármálaráðherra.